

Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík, 2. október 2024
UST202409-097/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting - Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032 - Leirá

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032 fyrir Leirá.

Í greinargerð kemur fram að með breyttri afmörkun breytast stærðir landbúnaðarlands L1 og L2 og frístundabyggðar F36 og stofnað verður nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði SL28 sem er 38,8 ha. Samhliða breyttri afmörkun þá breytast stærðir og skilmálar samsvarandi.

Forsendur

Í greinargerð er vitnað í aðalskipulag sveitarfélagsins, aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, landsskipulagsstefnu og aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að tillagan mun hafa neikvæð áhrif á votlendisvistgerðir sem hafa hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóðasamningum og ábyrgðartegundir fugla er nauðsynlegt að fjallað sé um vernd og endurheimt þessara þátta í samræmi við ofangreindar áætlanir og hvernig tillagan samræmist verndarmarkmiðum áætlanna.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>)¹ eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og þó svo að þessar vistgerðir sé að finna um allt land þá eru þær á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.²

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.^{3,4}

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan valda raski og þar af leiðandi neikvæðum áhrifum á votlendisvistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóðasamningum og ábyrgðartegundum.

Ásýnd

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.⁵

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Meginorsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra

² <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/starungsmyravist>

³ Land og líf

⁴ <https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

⁵ Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa

tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.⁶

Vali á landi undir skógrækt fylgir mikil ábyrgð og ræktun skóga á áður skóglausu landi hefur ákveðnar umhverfisbreytingar í för með sér, t.d. röskun á vistgerðum og búsvæðum fugla. Mikilvægt er að við þetta val sé reynt að hámarka jákvæð umhverfisáhrif og lágmarka þau neikvæðu.⁷

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis og eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.⁸

Vatnamál

Í greinargerðinni vegna breytingar á aðalskipulaginu er vitnað í lög um stjórn vatnamála, vatnaáætlun og vatnshlotin eru nefnd og fjallað um umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins. Auk þess segir að ekki er talin hætta á raski vatnshlota vegna skógræktarinnar.

Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins vegna nýræktunar skóga sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögina og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.⁹ Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála¹⁰). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

⁶ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffræðileg-fjölbreyni-til-framtíðar>

⁷ Land og líf

⁸ <https://www.co2.is/adgerdir/lid-verndun-kolefnisriks-jardvegs-og-grodurs-i-skipulagi>

⁹ Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála

¹⁰ Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar (vatn.is)

Mat á umhverfisáhrifum

Skógrækt stærri en 200 ha falla undir B-flokk laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum flokks B (undir 200 ha) skulu ávallt tilkynntar séu þær staðsettar á verndarsvæðum. sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. Vistgerðir sem eru verndaðar samkvæmt Bernarsamningnum flokkast sem verndarsvæði skv. e. lið iii. liðar 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umhverfisstofnun bendir leyfisveitanda að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur